



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Borgarbyggð
Sigurður Páll Harðarson,
bæjarverkfræðingur
Borgarbraut 11
310 Borgarnes

Reykjavík, 25. nóvember 2005

Tilvísun: UST20051100021/6aj

Deiliskipulag við Svignaskarð í Borgarbyggð

Vísað er til erindis bæjarverkfræðings Borgarbyggðar dags. 28 október sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna ofangreinds deiliskipulags.

Inngangur

Í ofangreindu skipulagi er gert ráð fyrir byggingu 16 frístundahúsa á 3,73 ha landi. Samkvæmt skipulags- og byggingarskilmálum fyrir svæðið skal hámarksstærð einstakra húsa vera 80 m² en hámarksmanishæð frá jörð 6 metrar. Vatn verður fengið frá stofnlögn sem liggur frá Grábrókarhrauni meðfram þjóðvegi 1. Ein sameiginleg rotþró verður fyrir allt svæðið og sorpgámur verður staðsettur við þjónustubyggingu á svæðinu. Á svæðinu er víða nokkuð þétt kjarrlendi.

Gróður

Samkvæmt 39. gr. laga um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrisrifi eða á annan hátt.

Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:

„Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.“

Samkvæmt stefnumörkuninni skal það vera almenn regla að þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal framkvæmdaraðili reyna að endurheimta sambærileg landsvæði. Að framansögðu er það álit Umhverfisstofnunar að skipuleggja eigi svæði fyrir frístundahús utan eða í jaðri náttúrulegra birkiskóga og kjarri vaxinna svæða, en ekki innan þeirra. Ef sveitarfélög telja röskun á náttúrulegum birkiskógum óumflýjanlega skipulagningu vegna frístundabygginga skal leitast við að halda raski á gróðri í lágmarki. Takmarka skal vega- og slóðagerð sem og stærð og fjölda frístundahúsa innan skóganna.

Í svæðisskipulagi Mýrarsýslu kemur m.a. fram að þegar frístundabyggðir eru skipulagðar í kjarrlendi er mikilvægt að í deiliskipulagsskilmálum séu ákvæði um verndun trjágróðurs og val tegunda við trjáplöntun. Í skipulags- og byggingarskilmálum sem með deiliskipulaginu fylgir er gert ráð fyrir að vernda skuli náttúrulegt kjarr og raska skuli sem minnstu vegna framkvæmda. Einnig kemur fram í skilmálunum að þar sem bætt verður við gróðri skal nota þær tegundir sem fyrir eru á svæðinu. Stofnunin telur það jákvætt að ofangreindir ákvæði séu sett í skilmálunum skipulagsins enda eru þau í samræmi við þá stefnu er fram kemur í ofangreindu svæðisskipulagi. Stofnunin bendir jafnframt á nauðsyn þess að framangreindum ákvæðum í skipulagsskilmálum sé fylgt eftir með virku eftirliti.


Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 1. lið 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum kann ruðningur á náttúrulegum skógi að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og ber framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um framkvæmdina. Er þá metið í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Frárennsli

Umhverfisstofnun bendir á að rotþró og siturlagnir þurfa að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir og eru þær aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar. Frárennsli frá ofnakerfum, heitum pottum, baðkörum og sturtuklefum þarf ekki að leiða í rotþró, þar sem slíkt vatn er lítið mengað, en getur skert virkni rotþróarinnar til muna. Affallsvatn af þessum toga má hins vegar leiða í skiptibrunn eða jöfnunarþró til jafnrar dreifingar í sér dreifilögn sem lögð er yfir jarðveg eða malarbeð. Umhverfisstofnun bendir einnig á að staðsetja þarf rotþró og siturlagnir á deiliskipulagsupprætti, en það er ekki gert.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun